# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar, Átthagar, seinni hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Átthagar

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-13, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Þegar sóleyjar og fíflar stóðu í blóma í túninu á Hamarshlíð kom Þorgerður Björk heim, með eiginmanni og syni.

Allt fólkið stóð úti, eins og þegar hún fór að heiman fyrir þremur misserum. Þar vantaði aðeins eitt andlit, sem hún hafði vonað að sjá. Andlit Guðbjargar gömlu. Hún var dáin fyrir fáum vikum. Meðan hún hafði nokkra rænu var hún allt af að tala um Gerðu sína og spyrja hvenær hún kæmi með drenginn. Hvort hún væri ekki komin á heimleið. Hún kveið því, með sjálfri sjer, að hún myndi deyja áður en hún fengi að sjá yndið sitt og barnið hennar. En hún nefndi það ekki við neinn. Auðvitað gat hún sjeð þau eins, þó að hún yrði dáin og grafin í kirkjugarðinum í Starrárdal. Hún trúði því, að ekki myndi sál hennar hverfa ofan í mold og myrkur,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heldur lifa og verða sælli og hjettari í förunni, en á meðan hún var fjötruð við líkamann. Þessvegna þagði gamla Guðbjörg um hugsanir sínar, því að hún þráði svo mjög að líta eftirlæti sitt áður en dauðinn snerti hana kaldri hendi. Hún hafði beðið Þorgerði húsfreyju að afhenda Gerðu sinni gamlan, útskorinn trjestokk, með tveimur silkiklútum í. Gerða ein vissi vel hvernig á stokknum stóð. Hún þurfti ekki að láta neinn orð fylgja. Hann var hið dýrmætasta, sem gamla konan átti.

— Miðaftansólin skein í heiði. Þorgerður húsfreyja sat inni í svefnhúsi sínu og talaði við dóttur sína og tengdason. Smásveinninn svaf vært í fangavöggu við rúm ömmu sinnar.
Fagnaðarkveðjunni var lokið og fólkið komið til vinnu sinnar á ný. Allir töluðu um Gerðu, Eystein og Asnór litla. Það var alveg dæma-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-laus drengur. Leikur svipur var ekki á hverju barni. Og fákkunn varð svo hjelt um hvert handtak, að það vissi naumast af erfiðinu.

– Gerda dró vöggutjaldið til hliðar.

„Hverjum sýnist þjer hann lík-astur, mamma?“ Mjer fannst hann fyrst minna mig mest á myndir af pabba, en nú sýnist mjer að hann vera að líkjast þjer meira og meira.“ Hún horfði ljómandi augum á glóbjart höfuð drengsins. Móðir hennar leit þegjandi á sveininn. Svo dró hún tjaldið fyrir vögguna á ný.

„Hann minnir mig mest á Gunnhildi mína og hún var sögð öll úr móðurætt minni“, sagði hún stillilega og horfði með tign og alvöru á vögguna.

Fegursta eyjan í Austurá

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var skammt undan landi, suður með hlíðinni, er lá að elfarflóanum austanverðri. Þangað höfðu þau ungu hjónin frá Hamarshlíð róið dag einn, er leið að hausti. Þau völdu sjer fallegt rjóður og settust þar. Þau ætluðu að tala saman í fullkomnum næði.
Eysteinn tók um báðar hendur konu sinnar og horfði í augu henni.
„Nú verðum við að ráða þessu til fulls."
Hún leit undan og augu hennar hulduzt tárum. „Já", sagði hún lágt. Svo heyrðist ekkert nema hægur laufþytur og elfarniðurinn. Eysteinn horfði á vanga hennar og beið eftir svari.
„Þú veist, að þú átt að ráða þessu ein", sagði hann innilega.
Þá sagði hún, nærri því í hálfum hljóðum:
„Jeg get ekki farið frá honum og – það væri synd, að fara með hann."
„Þá fer jeg einn – og kem aftur í vor."

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hann sá tár hennar hrynja og dró hana að sjer. Hún grjet sáran og lengi. Hvorugt þeirra talaði fleira. Þau vissu bæði hvað það kostaði að skiljast en nú var dómurinn upp kveðinn. Þau vildu ekki mögla.

Þegar sólin var horfin undir Hamarshöfða, gengu þau þangað, sem báturinn lá. Þorgerður var niðurlút og þreytuleg. Það var í fyrsta sinni, að hún gekk þannig við hlið Ey-steins.

Viku síðar var hann horfinn yfir höf og lönd.

Nú sat Þorgerður aftur og horfði dreymandi út á lygnan elfar-flóann, eins og haustið áður en Eysteinn Björk kom að sækja hana.

En er minnst varði vaknaði hún af draumi við gráts eða hlátur drengsins síns. Hún fyrirvarð sig og tók til starfa. Þrýsti sveininum að sjer og kysti hann. Ekki gat hún munað lagt í sálunar fyrir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann en að dvelja einn hjá honum, vetrarlangt. - Var það, máske, ekki sífelld hátíð, að fá að vera stöðugt hjá honum? - Var nokkuð yndislegra til? - Nei, nei!

En hún hafði ekki getað ímyndað sjer, að það yrði svona tómlegt og kalt alstaðar þegar Eysteinn væri farinn. Henni fannst náttúran köld og tröllaukin og mennirnir öðruvísi en hana hafði minnt að þeir væru - flestir. Hún mændi þunglyndislega eftir hverjum sólgeisla, sem kom og fór. Þeim fór stöðugt fækkandi.

Svo kom skammdegið.
- Þegar voraði gekk Þorgerður langar skemmtigöngur með son sinn. Hún talaði stöðugt við hann um föður hans. Hann var mjög ánægður, þótt hann skildi ekki mikið af því, sem hún var að segja við hann.

Í lok júnímánaðar ætlaði Eysteinn að vitja heim til Íslands.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hann gat það ekki fyr, vegna lestar sinnar.

Þegar þau Þorgerður sátu saman á ný í biskupsstofunni sæla, það, sem hann hafði sagt henni frá æsku sinni og heimþrá, fundu þau bæði, að unaður þeirra nú var hálfu dýpri en hann hafði verið þá.

Svo sæl voru þau.

En það hallaði sumri á ný. Eysteinn og Þorgerður töluðu ekki framar um að skilja. Þorgerður ætlaði að fara með Arnór litla.

Hún átti vísa fóstru handa honum, vandaða unglingsstúlku, sem hafði alist upp í Hamarshlíð. Henni gat hún trúað fyrir drengnum, þegar hún sjálf fylgdi manni sínum um á sviðlestarinnar. Arnór litli var mjög elskur að móður sinni, en hann undi sjer marga stund hjá ömmu og þessari unglingsstúlku, sem

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

átti að verða fóstra hans. Þorgerður vissi, hve mjög móðir hennar unni drengnum og hennar vegna hafði hún dvalið vetrarlangt í Hamarshlíð með hann og vegna þess, að hún vissi, að hvergi var hollara fyrir hann að dvelja. En nú gat hún hvorki hugsað til þess, að skilja við eiginmann sinn nje son. Henni fannst hjarta sitt brenna. Hún sá, í huga, móður sína aftur aleina í Hamarshlíð. En sársaukinn gat ekki breytt áformi hennar. Hún mátti til að fylgja Eysteini og fá að hafa barnið sitt hjá sjer.

✕ Þau hurfu á ný suður í lönd, með Arnór litla.

Eftir burtför þeirra sá fólkið í Hamarshlíð að Þorgerði hins fegursta var brugðið.

En hún kvartaði ekki við nokkurn mann.

Hálfu fjórða ári síðar veiktist

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hún snögglega.

Boð voru send suður í land. Nokkrum vikum síðar kom Eysteinn Björk með konu sína ~~og~~ tvö börn og barnfóstru heim í Hamarshlíð.

Þá var Þorgerði húsfreyju tekið að ljetta. Hún sat framan við litla ofninn í baðstofuhúsinu sínu kvöld eitt í rökkrinu. Þá heyrði hún hófadyn og hundgá. Nú voru þau komin.

Litlu síðar opnaði Þorgerður dóttir hennar dyrnar á herberginu. Hún ýtti á undan sjer tveimur börnum, fimm ára gömlum dreng og tveggja ára stúlku. Börnin komu alvarleg til ömmu og hún kyssti þau. Í sömu svifum lá Þorgerður grátandi með höfuðið í kjöltu móður sinnar. Hvorug þeirra gat talað. Þegar Eysteinn opnaði hurðina reis kona hans hljóðlega á fætur. Þorgerður húsfreyja stóð upp á móti konunni. Nú var farið að gæta að börnunum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þau stóðu þar undrandi. Arnór þekkti ömmu og gat talað íslensku. Dadda vissi að hún átti að vera góð við ömmu sína, en hún gat ekkert sagt. Svo var kveikt ljós og nú kom fólkið, sem ekki var búið að heilsa.

Margt var talað um litlu gestina og mikið á því hafði.

Gunnar gamli ráðsmaður setti upp gleraugun sín; hann var orðinn sjóndapur. Samt þóttist hann sjá með vissu, að Arnór væri líkur Þorgerði ömmu sinni, en Dadda væri alveg eins og pabbi hennar. Hann heyrði að hún var kölluð Dadda. Það var eins og það átti að vera. Hann klappaði hvað eftir annað á kollinn á henni og brosti ánægjulegur.

„Já, já – heitir Þorgerður og er kölluð Dadda – já, já."

Ef þrjár Þorgerðar voru á lífi í einu í Hamarshlíð var ætíð hin yngsta

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kölluð Dodda. Gunnari gamla þótti vænt um, að Gerða hans hafði munað eftir þessari venju.

Svona átti það að vera.

Skömmu síðar sváfu börnin vært undir húsþaki sínu sinnar. Þau höfðu verið orðin þreytt.

Þegar Þorgerður húsfreyja var háttuð sat dóttir hennar lengi við rúmið. Laks bauð hún góðar nætur og fór. Eysteinn beið hennar úti í heiðbjartri vornóttinni. Þau gengu saman austur í skógarhlíðina.

Það var tekið að morgna þegar þau sneru heimleiðis. ~~Gerða~~ Þorgerður var róleg. Hún trúa barnfóstra svaf heima hjá Arnóri og Doddu. Hún mátti tefja eftir vild í æskuparadís sinni.

Sumarið kom, með hafgras á tún og engjar, gula flekki af fíflum og sóleyjum í túnin, tárhreina, dúnmjúka fífubletti í hálfdeigjurnar og mjaðmarháa stör í

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tjarnir og mýrarsund.
Dag eftir dag og nótt eftir nótt skein sólin. Lágnættið var björt og milt þótt hún hyrfi litla stund undir Norðurfjöll. Um óttuskeið tóku fuglar að syngja á ný. Birkibrekkur og lyngheiðar roðnuðu og sendu angan út að hafi, með sumarblómum, sem andaði ofan af fjöllunum með morgunsárinu.

Það var einmuna gott og fagurt sumar.

Í Hamarshlíð var gleði og ánægja. Það var, sem hinir margþreyðu sumargestir hefðu borið með sjer unað og yl frá suðri. Fólkinu fanst það jafnvel ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að veðurblíðan hjeldist dag eftir dag og viku eftir viku.

Það átti við. Nú var Gerda komin heim með börnum sínum og ástvini. Menn vildu ekki hugsa til haustsins, þegar allt myndi hljóðna. Nú var tími starfsins og gleðinnar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þorgerður húsfreyja talaði ekki um hugrenningar sínar fremur venju; en oft flaug henni í hug hanst og vetur. ~~dóttur~~ hennar ~~~~ líka. Þær töluðu saman um allt – nema það. Hvorug vildi hryggja hina. Báðar kviðu skilnaði, í kyrþey.

Eysteinn Björk sat í viðarbrekkunni austan við elfarflóann heila og hálfa daga. Hann söng lágt með sjálfum sjer við og við og skrifaði jafnframt nótur á blað. Hann var þegar búinn að vinna sjer álit sem tónskáld. Þarna kallaði allt og laðaði hann til starfa. Honum fannst náttúran vera líkust risavaxinni hörpu, með ósviknum, hljómskærum strengjum. Hann sat og hlustaði – reyndi að ná tónunum, samþýða þá og festa á pappírinn. Það gekk misjafnlega vel. En hann þreyttist ekki. Hjer var ótæmandi auður af að taka.

Kona hans ~~[illegible]~~ truflaði hann aldrei.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hún var því vön, að víkja fyrir leik
hans. Koma þegar hann kallaði,
njóta með honum hvíldar og yndis
þegar starfið sleppti honum. Hún
hafði frá upphafi skilið hlutverk
sitt þannig. Hún hlaut, að launum,
aðdáun hans og þökk. Þessi hóg-
væra nærgætni hennar hjelt
verndarhendi yfir sambúð þeirra,
svo hún varð sífögur og síung.
Í hvert sinn er hann sneri á
fund hennar á ný frá starfinu, fannst
þeim, sem þau hittust ~~á ný~~ eftir
skilnað. Hversdagsrykið náði ekki
að leggjast yfir tilfinningalíf
þeirra.

Laugardag einn um miðsumars-
leytið gekk Eysteinn Björk, sem oftar,
austur í birkihlíðina. Hann var
venju fremur þungur á svipinn. Í
þrjá daga hafði hann látlaust
strítt við að koma saman lagi, sem
hann hafði í huga. Það gekk allt
af ver og ver, en hann gat ekki

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hátt að stríða við þetta. Hann fann til sárrar þreytu og óánægju í senn. Það var í fyrsta sinni á sumrinu að hann leit óhýrum augum hina fögru, forna eftirlætisstað. Hversvegna vildu þeir ekki eftirláta honum það, sem hann þarfnaðist? Honum fannst raddir náttúrunnar hæða sig: Heimskingi! Þú hugðist að ná tónunum úr dýrðarhörpu okkar, festa þá með svörtu á hvítt og láta þá óma frá þínum strengjum. Til hvers? – Heldur þú, að heimurinn myndi skilja þá? – Eða þú ná þeim? – Nei, nei – nei, nei. Hríslur og blóm hneigðu sig hvort til annars og sumarvindurinn þaut framhjá. Nei, nei – nei, nei. Allt talaði sín máli, en vildi ekki sjá hann. Hann fleygði sér í ilmandi skógarlaut. Raddirnar hæddu hann í sífellu, við á milli. Þröstur sat á grænum birkikvisti, skammt frá honum og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

söng í sífellu. Eysteini fannst hann horfa á sig og segja: „Kjáni, kjáni kjáni, kjáni"!

Hann henti blýantinum sínum eftir smáfuglinum, en hafði ekki. Þrösturinn leit að eins ofur spekingslega niður með nefinu og velti vöngum. Hann hafði heyrt eitthvað ljett detta milli greinanna til jarðar. En að manninum, sem sat í lautinni væri valdur að þessu kom honum síst til hugar. Þarna hafði hann setið meira eða minna flesta daga sumarsins og aldrei gert flugu mein. Nei, ekki var það hann. Þrösturinn horfði aftur niður fyrir sig og velti vöngum. En hann sá ekkert markvert. Hann gaf þá ekki framar gaum að þessu, en fór að syngja á ný, sem ákafast. Eysteini fannst hann allt af segja:

„Kjáni, kjáni – kjáni kjáni!"

En þá kom ~~[illegible]~~ Borgerður Hún hafði smeigt sjer nærri því

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hljóðlaust inn í gegnum runnana. Hún hentist sjer ljettilega niður við hliðina á Eysteini, tók um höfuð hans og sagði lágt: „Engin regla er án undantekningar – ekki okkar heldur. Nú læt jeg þig ekki lengur vera einan."

Þetta kom svo óvænt, að hann hafði ekki ráðrúm til neins – nema að verða glaður. Hann dró hana að sjer og kallaði brennheitu enninu ofan að mjúksvölum handlegg hennar. Það var komið kvöld og hún var ljettklædd. „En hvað þjer er heitt á enninu." Hún horfði á hann fögrum áhyggjufullum augum.

„Og þjer kalt á handleggnum", sagði hann og brosti.

„Já – jeg hljóp eins og jeg stóð, jeg var að strjúka lín.

Hún var hlý og glettin á svipinn. Nú fór þrösturinn að syngja á ný.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eysteinn leit upp. „Veistu hvað mjer fannst hann segja?“ – „Nei, – hvað sagði hann?“ – „Kjáni, kjáni, kjáni, kjáni!“ Eysteinn benndi eftir prestinum. ~~Gunna~~ Hún hló hjartanlega.

„Þarna sjerðu – jeg kom mátulega snemma.“

„Þú kemur æfinlega mátulega“, sagði hann lágt og innilega. Æsingin var horfin úr taugunum hans og mild þreyta komin í staðinn. Nú var þreytan einnig að víkja fyrir meiri gleði.

– Þegar þau komu út úr skóginum brosti kveldfegurðin á móti þeim. Þau staðnæmdust og horfðu um í ríki aftanroðans. Eysteinn tók um báðar hendur ~~Gunnu~~ Þorgerðar

„Jeg skil ekkert í því, hvernig jeg hefi farið að því, að lifa og vera glaður – án þín. Hjeðan eftir gæti jeg það varla.“

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Arnór og Dadda höfðu margt nýtt að skoða í Hamarshlíð. Arnór mundi óljóst eftir fyrri dvöl sinni á heimili ömmu. Foreldrar hans höfðu oft talað við hann um Hamarshlíð, sem amma átti úti á Íslandi og hvað þar væri gaman að vera. Hann hafði hlakkað til ferðalagsins og allt af spurt hvað langt væri nú heim í Hamarshlíð til ömmu, eftir að þau komu til Íslands.

Hann var mjög hreykinn þegar að hann sá hóp af hestum rekinn heim að gistihúsinu í kaupstaðnum, sem lá næstur Hamarshlíð. Foreldrar hans voru nýkomin í land og voru að búa sig til landferðalagsins. Þau ætluðu að leggja af stað samdægurs heim í Austurárdal.

Vinnumaður úr Hamarshlíð hafði beðið þeirra með hóp af gæðingum. Arnór stóð úti á tröppunum framan við gistihúsdyrnar þegar pilturinn kom með hestana. Hann lagði af

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fram á grindurnar og horfði stórum augum á hestana, sem staðnæmdust neðan við og fóru að bíta græna, óhagaða grasrótina með hvössum tönnum. Alla þessa hesta átti amma í Hamarshlíð.

„Hvaða hestur er minn?“ spurði hann piltinn. „Sá rauðblesótti“, sagði pilturinn og brosti. Arnór þagði. Hann vissi ekki vel hver þeirra var rauðblesóttur. En hann vildi ekki láta vinnumanninn vita það. Amma hafði gefið honum fallegan fola þegar hann var hjá henni og hann var þarna í hópnum. Arnór ætlaði að ríða á honum heim til ömmu. Það var leiðinlegast að þekkja hann ekki sjálfur.

Nú kom pabbi hans út og fór að hjálpa piltinum til að leggja á hestana. Arnór komst að því hver var hans hestur, en hann

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mátti ekki ríða einn. Hann var svo lítill og hestarnir svo fjörugir. Það þótti honum leitt. Hann var búinn að hugsa sjer að ríða á undan öllum heim að Hamarshlíð á BleSa sínum. En nú varð hann að sætta sig við það, að sitja framan við pabba sinn. Dodda var hrædd við hestana og vildi ekki fara á bak hjá mömmu sinni. Arnór hló að henni. Hún sá hve hann var óhræddur og hætti smátt og smátt að skæla, en hjelt sjer þó sem fastast í mömmu sína þangað til hún var orðin dauð-lúin í handleggjunum og fegin að halla sjer út af. Um leið svaf hún vært og allt gekk vel heim í Hamarshlíð.

Fyrsta morguninn, sem Arnór vaknaði aftur heima í Hamarshlíð var hann mjög glaður og vildi klæða sig undir eins. Hann spurði eftir Gunnari gamla og sagðist

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vilja fá að sjá kýrnar og kindurnar
Þorgerður amma sat við rúmið hans.
Hún þagði, en gleðin ljómaði úr
augum hennar. Mamma hans
hló og sagði að hann væri sá
dæmalaus búmaður, vildi sjá og
skoða allar lifandi skepnur.
„En Dadda er hrædd við allt
lifandi", bætti hún við og leit
ástúðlega til litlu dóttur sinnar,
sem svaf einmitt vært, með rjóða
vanga.

Það átti við Gunnar gamla
að leiða Arnór stað úr stað, sýna
honum allt lifandi og dautt.
í Hamarshlíð. Fólkið mundi ekki
til þess, að hafa sjeð gamla
manninn jafn-glaðan og þegar
hann kom ofan úr hlíð eða
neðan frá á með Arnór við
hlið sjer. Hann talaði í sífellu og
Arnór hlýddi á milli þess, sem
hann spurði. Allt af hafði
Gunnar gamli eitthvað nýtt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til að sýna honum. Einn morguninn fóru þeir út í varphólma að taka dún og egg, annan að vitja um silungsnet, þriðja að ganga til lambánna. Svona liðu vordagar Arnórs litla og Gunnars gamla. Þeir voru báðir jafnsælir, hver hjá öðrum.

„Hann hugsar ekki um annað en búskapinn og Gunnar gamla", sagði ~~Gerða~~ Þorgerður við Eystein kvöld eitt, þegar Arnór var sofnaður dauðþreyttur, eftir langa burtuveru með gamla Hamarshlíðar-ráðsmanninum.

Eysteinn þagði og horfði á hraustlegt andlit sonar síns. Það var einkennilegt hve mjög hann líktist ~~[illegible]~~ ömmu sinni. ~~Gerða~~ Þorgerður settist hjá manni sínum og lagði hendi sína í hans. Þau þögðu, en hugsuðu bæði hið sama: Máske Arnór eigi að verða bóndi í

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hamarshlíð. Hvergi hefur hann notið sín betur en hjer. Hann er allt af glaður. – Þau þrýstu hvort annars hendi. Sama orðið flaug gegn um meðvitund þeirra beggja: Skilnaður. Þau gátu ekki slitið augun af hinum mannvænlega smásyni. Hlustuðu á andardrátt hans og mændu á feguð hans. – Í rauninni var framtíð hans hvergi öruggari en hjer, ef hann sjálfur var ánægður með það. ~~[illegible]~~ Borghildur stóð á fætur og leit inn í augu Eysteins. Þau vissu hvort í annars hug.

Dadda var ekki eins fljót og Arnór, að festa yndi í Hamarshlíð. Hún var hálf hrædd við allt og alla. Það var svo ólíkt því, sem hún hafði vanist. Svo gat hún lítið talað við fólkið. Í fyrstu vildi hún ekkert fara, nema með foreldrum sínum eða fóstru.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekki einu sinni út og inn um bæinn. En þetta lagaðist smátt og smátt. Eftir hálfsmánaðar dvöl var hún sjálf farin að koma með fullar hendurnar af sóleyjum og fíflum inn til ömmu. Henni þótti vænst um blómin af öllu, sem hún sá í Hamarshlíð. Hún mátti líka tína eftir vild í landareign ömmu. Þegar berin voru sprottin vildi hún fara í berjamó á hverjum degi. Hún hætti ekki fyr en einhver fór með henni. Arnór kærði sig ekki æfinlega um að fara með. Honum þótti karlmannlegra að hjálpa Gunnari gamla ráðsmanni við að kasta heyi í stóru hlöðuna; segja fyrir verkum úti á engjunum; eða þá að bera mat og kaffi til fólksins með unglingunum, sem höfðu þann starfa á hendi. Hann fylgdi ömmu sinni inn og fram um

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæinn og spurði eftir öllu, sem hann sá. En merkilegastur var sauð gamli, því breiði vefstóllinn á bæjardyraloftinu. Í honum hafði langamma hans ofið áklæði. Það var breitt yfir rúmið í austurstofunni. Í það voru ofnir fjórir hirtir, einn í hvert horn, en greinarnar á hornum þeirra náðu nærri því saman. Svona voru þau stór. Og langamma hafði líka ofið gólfdúkinn sem var undir borðinu í vesturstofunni. Það stóð nafnið hennar og ártal, milli breiðra rósabekkja.
Innst í bæjardyrunum stóð kista, sem var svo stór, að Arnór gat ~~ekki~~ varla komist hjálparlaust upp á hana; framan á henni var stórt látúns-skráarlauf og rósahringur utan um. Hann var svo mátur, að ~~varla~~ naumast sá fyrir honum lengur. Þá kistu hafði langa-langamma átt. Arnór spurði ömmu sína hvað væri

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

geymt í henni. Hún sagði að það væri ekkert hægt að geyma í henni, af því að hún væri orðin svo fínn.

# „En hversvegna geymir þú hana þá, amma, fyrst að hún er ónýt?"

„Af því, að ömmu minni þótti svo vænt um hana", sagði Þorgerður.

„Þykir þjer þá vænt um hana líka, þó að hún sje ónýt?"

Þorgerður brosti. „Já", sagði hún. „Mjer þykir vænt um allt, sem ömmu minni þótti vænt um".

Arnór litli þagði og horfði á ömmu sína. Hann var að hugsa um hvort að sjer þætti líka vænt um allt, sem amma hans ætti. Jú, það þótti honum einmitt.

Hann taldi upp í huganum, hesta, kýr og kindur, varphólmana og engin, silunginn í ánni og bæinn og túnið og Gunnar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gamla og allt fólkið. Honum fanst ömmu eiga þetta alt. Og þetta var alt svo ágætt, að honum þótti vænt um það.

„Mjer þykir líka vænt um alt", sem þú átt, amma", sagði hann.

„Blessaður vertu", sagði Þorgerður lágt „ömmu þykir líka vænt um þig."

Arnór þagði og horfði hugsandi fram fyrir sig. Eftir stundarþögn sagði hann:

„Þegar jeg er orðinn stór, amma, ætla jeg að róa með þig út í hólmana og kasta fyrir þig öllu heyinu í stóru hlöðuna, eins og Gunnar gerir!

„Þorgerður laut niður og strauk vangann á drengnum. Hún sagði ekkert, en heit tár hrundu ofan á höfuð hans. Hann leit undrandi upp. Hversvegna var amma að gráta? — Hann hafði þó ekkert

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að gera hana verulega glaða, með því, sem hann sagði.

Það leið heldur ekki löng stund áður en hún lyfti honum upp í faðm sinn og sagði, að hann væri besti drengurinn, sem til væri. Hann hjeti líka Arnór, eins og afi hans.

Nú leið að hausti og ungu-hjónin í Hamarshlíð voru farin að hugsa til suðurfarar á ný.

Eysteinn Björk sat við borðið í vesturstofunni og athugaði skipaáætlanir. ~~[illegible]~~ Borgerður kona hans sat við gluggann. Hún var að ljúka við að sauma fallegan dregil, sem hún ætlaði að breiða á gamla, útskorna saumaborðið, sem stóð þar í stofuhorninu, áður en hún færi.

„Já - það er víst áreiðanlega besta ferðin", sagði Eysteinn og leit upp.

„Hvað er langt þangað

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til?"

„Hálfur mánuður, ef skipið kemur á rjettum tíma."

Rjett í þessu opnaði Arnór litli stofudyrnar. Hann var rjóður og berhöfðaður, með heystrá í hárinu og fötunum og þar utan í fötunum. Hann hafði komið með Gunnari gamla ofan af túni. Gunnar hafði látið binda uppsláttartöðu um daginn og kastaði henni í eitt horníð á hesthúsblöðunni.

„Á jeg að segja ykkur nokkuð. Gunnar saltar heyið – hann stráði salti úr hnefa sínum yfir heyið í hesthúsblöðunni. Það var uppsláttartaða."

Arnór þóttist auðsjáanlega segja merkileg tíðindi. Foreldrar hans brostu. Hann sá stórn blöðin sem faðir hans hafði verið að skoða.

„Hvaða blöð eru þetta – svona

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stór?"

„Það er um skipin – hvenær þau eiga að koma og fara í haust," sagði Eysteinn og tók drenginn á knje sjer.

„Eigum við þá að fara aftur", spurði Arnór litli og leit alvarlega á pabba sinn.

„Já, bráðum; áður en snjór-inn og vondu veðrin koma", svaraði faðir hans.

„En þá get jeg aldrei rennt mjer á skíðum. Gunnar segir að það sje hægt að renna sjer ofan alla hlíðina og niður að á, þegar snjórinn er kominn. Halli hefur gert það".

Halli var smalinn í Hamarshlíð. Hann talaði oft við Arnór litla og dró ekki úr því, sem hann gat gert.

„Já, það er gaman að renna sjer á skíðum, en þá mega menn ekki detta og meiða sig", sagði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eysteini og strauk heystráin úr gjókalli sonar síns.

„Ne-ei", sagði Arnór litli stilltur.

„En við mamma megum ekki vera að því, að bíða eftir snjónum, þó að það væri gaman. Við þurfum að komast heim til okkar aftur."

„Já", sagði Arnór lágt og sat grafkyr. „En jeg gæti nú beðið hjá ömmu á meðan", bætti hann við eftir nokkra umhugsun.

„Langar þig svona mikið til þess að renna þjer á skíðum", spurði faðir hans.

„Já, og líka til þess, að sjá fjeð, þegar það kemur af fjöllum í haust. Það er miklu miklu fleira en kvíærnar og þá kemur flekka mín, sem jeg hefi aldrei sjeð."

„En við verðum lengi í burtu. Heldur þú að þjer leiddist ekki á

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

meðan?"

„Jú – ef þið varnið fjarska lengi", sagði Arnór litli og varpaði öndinni. En rjett á eftir fór hann aftur að tala um kindurnar og snjóinn og ísinn, sem kæmi á ána, svo að það væri hægt að hlaupa á skautum suður alla á og fram að fossinum. Það hafði Halli sagt honum.

„En það kemur aldrei ís á fossána", sagði hann og horfði hugsandi út um gluggann.

Þegar Arnór litli var sofnaður um kvöldið töluðu foreldrar hans saman um hann.

Þorgerður ~~Gerða~~ sat við rúmið hans. Hún hafði lagt hægri hendina ofan á sængina og laut höfði. Eysteinn gekk um gólf. Þau voru ein þar inni. Þorgerður ~~Gerða~~ hugsaði um það, að kvöld eftir kvöld hefði móðir hennar setið við rúmin inni í svefnhúsi sínu, af því að hún gat ekki

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sofnað. Skilnaðarhugsunin hafði lagst svona þungt á hana, síðan hún fór að verða vör við ferðahuga þeirra. Hið langa dagsverk nægði ekki til þess að neita henni svefn og hvíld.
~~[illegible]~~ Þorgerður sá hve svipur hennar breyttist, varð á raunalegri og þyngri, þó að hún reyndi að sýnast glöð og hress. Og Arnór litli varð með hverjum deginum elskari að ömmu sinni.

Var þá ekki synd að fara með hann? – Var það ekki eigingjörn dóttir, sem ekki hirti að miðla einmana móður sinni af gæfu sinni?

Jú, – en gat hún skilið við Arnór? – Hún vissi ekki hvað vísti sárar, hugsunin um yfirgefna móður eða yfirgefið barn.

Nú ætluðu þau að ráða þessu til lykta. Vitneskjan um það, að Arnór litli ætti að verða eftir hjá ömmu sinni mátti ekki koma henni of óvart. Þau ætluðu að spyrja

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann hvort hann kysi heldur.
Ef að hann hjeldi alls af jafn fast
við það, að verða eftir hjá sínum
sinni, þá ætti það að ráða.
„Nú finnst mjer, að jeg vera
búin að svíkja hann", sagði
Borgerður ~~Gerða~~ og kraup við rúmið. Hún
greip sig í koddahornið og grjet
sáran. Eysteinn tók í hendi
hennar. Hann fann engin orð.
Þannig leið dálítil stund. Þá
mælti hann lágt: „Meiri svik
væri samt, að skilja hann eftir
einhversstaðar úti í heimi – ættjarð-
arlausan!"
Þetta orð: ættjarðarlaus tók sár-
asta broddinn af kvöl hennar.
Henni fannst, um leið, að hún hafa
breytt rjett, að gefa það eftir, að
Arnór yrði kyr hjá önnum sínum.
En hún gat ekki hætt að gráta.
Þetta var óskasonur hennar og hún
hafði aldrei hugsað sjer morgun
eða kvöld án hans. Hann var
Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjálfur einn hluti af lífi hennar. Hvernig gat hún skilið við sitt eigið líf? Skilið við Arnór, án þess, að nokkur neyddi hana til þess!

Nei – hún vissi ekki hvernig að hún gæti það. En nú var þetta ráðið og hún mætti til að herða sig.

Hvað eftir annað ætlaði hún að rísa á fætur og reyna að stilla ~~og~~ grát sinn, en í hvert sinn er hún leit upp og á andlit barnsins kom gráturinn með nýjum mætti.

Eysteinn reyndi að tala til hennar, en hún svaraði engu. Loks heyrði hún, að hann var farinn að biðja hana að hætta við þetta – hún gæti það ekki.

„Jeg get ekki heldur brugðist mönnum“, sagði hún aðeins og grjet sem áður.

Um miðnætur-bil seig loks á hana eitthvert mók. Hjartað var mátt-laust og augun sár. Mókið þyngd-ist æ meira. Loks varð það að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heilbrygðum svefni.
Hún lá til morguns framan við rúm Arnórs litla með arminn yfir hann og grátbólgið andlitið fast við heita kinnina á honum.
Þegar Arnór var spurður hvort að hann vildi heldur fara með mömmu og pabba, eða vera kyr hjá ömmu, þá sagði hann hiklaust, að hann vildi heldur vera kyr, ef pabbi og mamma kæmu aftur. Og hann sagði alt af það sama þegar á það var minnst. Líka morguninn, sem foreldrar hans áttu að leggja af stað.
Þann morgun hafði Þorgerður húsfreyja risið úr rekkju einu-þá fyr en vanalegt var. Ekki þó vegna annríkis. Allt var tilbúið handa ferðafólkinu. En Þorgerður gat ekki sofið. Hún var alt af að hugsa um, hvort að rjett væri af sjer, að þiggja það, að Arnór litli

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yrði eftir.

Gat móðir hans misst hann?
Hún hafði sjálf reynt það, að missa Gerðu frá sér og hún vissi hvað það hafði kostað. Dóttir hennar var víst lík henni í lund, þó að hún hefði erft hörkugáfur föður síns.

Þorgerður gekk út á hlað og ofan fyrir kálgarðinn. Þar settist hún í brekkuna og horfði þegjandi fram fyrir sig. Síðsumarkyrrð var yfir öllu. Fagrar engjar og fjöllitur viður í hlíðum og eyjum. En hinir löngu djúpu skuggar í austurbrekkunni sýndu, að nú var liðið að hausti. — Fögur var Hamarshlíð á vormorgni, en ekki var hún síðri á haustmorgni eins og þessum. Elfarniðurinn rann saman við margraddaðan lindahljóm og fyllti hljóðbært morgunloftið mildum niði, veikum eða sterkum, eftir því, sem loftbylgjurnar báru hann fram og aftur. — Þorgerður hlustaði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hugsaði. Þá heyrði hún ljett fótatak á bak við sig. ~~Gróa~~ Þorgerður dóttir hennar kom og settist við hliðina á henni. Hún var föl og þreytuleg, en brosti til þess að leyna því.

„Situr þú hjer ein, mamma", sagði hún og ljet hendina líða ofan hárfljettur móður sinnar. Þær voru þykkar og langar en hvítar af hærum.

„Já, – jeg var að hugsa um það hvort þú ætlaðir nú ekki að gera meira fyrir mig en þú getur – að skilja Arnór ~~[illegible]~~ eftir."

Þorgerður ~~Gróa~~ Björk tárfelldi hljóðlega og hjelt áfram að strjúka hárið hvíta.

„Þegar jeg hugsa um það, mamma – hvað sárt þjer þótti um pabba og að þú átt ekki nema mig eina – og ljest mig samt fara með Eysteini – þá finnst mjer, að jeg geta allt fyrir þig."

Þorgerður húsfreyja leit til hliðar og strauk burtu tvö tár, sem brunnu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hún þrýsti hendi dóttur sinnar og stóð á fætur.

„Þú ert góð og ástrík eins og hann — eins og faðir þinn", sagði hún klökk og stillt. „Nú skulum við koma inn og vita hvort ekki sýður á katlinum."

※ Um miðaftans bil reið Eysteinn Björk frá Hamarshlíð, með konu sinni, dóttur, barnfóstru og fylgdarmanni. Hann fór seinna af stað heldur en hann hafði ætlað sjer; en engin hætta var að vera á ferð, veðrið var hlýtt og kyrt. Þorgerður ~~Gerða~~ hafði allt af þóttst eiga eitthvað eftir, en í raun og veru var hún aðeins að draga tímann til þess, að mega vera sem lengst hjá Arnóri litla. Hann var fjarska stilltur og þögull um daginn, en grjet ekkert þegar þau kvöddu hann. Anna hans stóð úti á hlaðinu og hjelt á honum á handleggnum. Hann

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tók um hálsinn á henni og horfði á eftir foreldrunum sínum.
~~Þorgerður Gerða og Eysteinn~~ Þau litu oft við. Meðan þau sáu stóð Þorgerður hreyfingarlaus þar, með Arnór á handleggnum.

Þegar þau voru komin út í miðjan dalinn bað ~~Gerða~~ Þorgerður mann sinn að standa við. Dodda var sofnuð í fangi hennar. Hún fjekk barnfóstrunni hana og sagði henni að halda áfram í hægðum, með fylgdarmanninum. Barnfóstran ljet hestinn labba af stað út sljettan veginn.
Þorgerður ~~Gerða~~ fór ekki á bak. Hún stóð hjá hestinum sínum, klappaði honum á hálsinn og var annars hugar. Eysteinn gekk til hennar.
„Eigum við ekki að koma?" sagði hann lágt.

„Jú, en jeg má til að fara til baka og vita hvernig honum líður og biðja mömmu —"

Hún gat ekki sagt meira, bægði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sig yfir hálsinn á hestinum og grjet þungt. Eysteinn var ráðalaus.

„Jeg skal gera það – ef þú heldur, að það hafi nokkra þýðingu", hvíslaði hann og lyfti henni í söðulinn. Og þau riðu tilbaka heim í Hamarshlíð.

Þau sáu engann úti. ~~Gerða~~ Þorgerður fór inn í bæ, en Eysteinn hjelt í hestana. Fólkið var við vinnu sína hjer og þar. Það varð forviða þegar það sá ~~Gerðu~~ Þorgerði Birnu. Hún kastaði á það kveðju í hálfum hljóðum, hraðaði sjer inn í baðstofuna og drap á dyr móður sinnar.

Þorgerður húsfreyja opnaði hægt og dóttir hennar gekk inn.

„Þú mátt ekki láta þjer þykja það – elsku mamma! Jeg mátti til að vita hvernig hann hefur borið sig!" Hún kyssti móður sína og gekk inn að rúminu hennar. Þar svaf Arnór litli, vært og fast.

~~Gerða~~ Hún laut yfir hann og faðmaði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann brosandi, með tárin í augunum.

„Hann hefur ekkert grátið. Við vorum allt af saman, þangað til hann sofnaði.“

Borgerður ~~[illegible]~~ leit á móður sína og sá að hún hafði grátið. Hún dró hana með sjer ofan á rúm-stokkinn framan við Árnór litla.

„Mamma – jeg veit ekki hvort að jeg kem aftur – það veit enginn – þó að hann ætli sjer. En ef að hann yrði nú líkur okkur og langaði í burtu. Þú mátt til, að lofa honum – elsku mamma.“

Borgerður strauk hárið frá enni dóttur sinnar, með titrandi hendi. „Heldur þú, að jeg gæti sjeð hann óhamingjusaman hjá mjer – fremur en þig“.

„Nei, jeg vissi það nú reyndar, mamma; en jeg mátti til að segja þetta og sjá hann. Nú skal jeg reyna að vera stillt“.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nokkru síðar riðu þau út dalveginn. Þau fóru hart. ~~Ásta~~ Þorgerður vildi ná þórbrunni og Dadda áður en þær væru komnar út í kaupstaðinn. Hún var róleg og rjetti Eysteini hendina.

„Þú verður að fyrirgefa mjer ósvífnina“, sagði hún og brosti þreytulega. „Mjer líður betur nú. Jeg er undir eins farin að hugsa um hvað snemma við getum komist út til Íslands að sumri.

Hann tók þjett um hendi hennar og brosti lítið eitt. Nú þegar hann sá að hún var komin yfir hið örðugasta var sem fargi væri ljett af honum, en um leið fann hann glöggt hve þreyttur hann var sjálfur og hve sáran hann mundi sakna Arnórs litla.

X Næsta ár komu þau aftur með fyrstu skipsferð, er fjell til Íslands.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Vorum við nú ekki ~~fjarska~~ lengi“, spurði ~~Ásgerður~~ Þorgerður Björk, þegar hún sat með Arnór litla í faðmi sínum.

„Jú“, svaraði hann stillilega, „en mjer leiddist samt ekkert hjá ömmu.“

Þannig gekk það ár eftir ár.

Bændurnir í Austurárdal voru glaðir yfir því, að dóttursonur Þorgerðar í Hamarshlíð skyldi ílengjast hjá henni.

„Hún er sterk Hamarshlíðarættin“, sagði Jón gamli í Útvík þegar hann sá Arnór ríða til baka með Þorgerði ömmu sinni. Þau höfðu verið að fylgja foreldrum Arnórs til skipsins.— „Þessi drengur bregst varla. Hann er lifandi eftirmynd Þorgerðar Skúladóttur.“

Og gamla manninum fannst birta yfir Austurárdal við

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá hugsun.

Sautján ár voru liðin frá því að Eysteinn Björk og kona hans skildu Arnór litla son sinn eftir í Hamarshlíð hjá ömmu hans.
Á þessum sautján árum hafði Þorgerður Skúladóttir séð marga von rætast. Arnór dóttursonur hennar hafði aldrei yfirgefið Hamarshlíð, nema á meðan hann var ~~við~~ við lífræðisnám sitt. Það hafði hann stundað af kappi, bæði utan lands og innan, hin síðustu ár.

Nú var hann nýkominn heim frá útlöndum og hlakkaði til þess, að taka til starfa á ættaróðali sínu. Hann gat varla sofið fyrir áhuga og ákefð.
Fram á nótt gekk hann um gólf inni í svefnherbergi sínu. Þá var hann að hugsa um það á hverju skyldi byrja og hvernig

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bezt væri að haga störfunum, sem fyrir lágu.

Þorgerður amma hans kom aftur inn til hans á kvöldin, og þá fjekk hún að heyra margt.

Hún sat í gömlum hægindastól út við gluggann, hlustaði á Arnór og horfði ~~út~~ yfir engjar og tún.

Henni fannst, að hún spyrjast um mörg ár, við allt það, sem hann sagði. En um leið hugsaði hún: Það er gott, að jeg hefi heilsu og að hann segir mjer frá öllu. Einhver þarf að halda aftur af honum, fyrstu sprettina.

Nú var komið stórt steinhús þar, sem gamli bærinn hafði staðið. Hlaðbrekkunni og kálgarðinum hafði verið breytt í aflíðandi halla, beint móti suðri. Þar var nú fallegur blómreitur. Vestan að húsinu lá stór matjurtagarður, en vatnsbólið austan

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við húsið var óbreytt. Arnór hugsaði oft um það, hvað margt hann gæti gert með bæjarlæknum sínum. Það var hægt að auka hann um helming, með lindum ofan úr hlíðinni. Já, það var hægt að auka allt um helming, ef lag var með.

Eitt var það, sem Arnór hafði aldrei sagt Þorgerði ömmu sinni frá, þegar hann talaði um framtíð sína. Það var íturvaxin og rjóð heimasæta á yzta bænum í Austurárdal. Hún átti að verða húsfreyja í Hamarshlíð, en það vissi enginn, nema þau sjálf og móðir hennar.

Eitt kvöldið, sem amma Arnórs sat inni hjá honum tók hann rögg á sig og sagði henni, að Svava Helgadóttir á Núpi væri unnusta sín.

„Jeg vona, að það gleðji þig, en hryggi ekki, amma", sagði hann og tók um hendi Þorgerðar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Já," sagði hún og varð hýr á svipinn. „Hún er fallegasta stúlkan í dalnum og það, sem meira er, er um verk, væn og vel að sjer."

„Þetta vil jeg heyra, amma", sagði Arnór og hló.

Hann vissi ekki fyr en hann var búinn að skella fast saman lófunum utan um hendi ömmu sinnar.

„Þú gleður mig með þessu, eins og öllu öðru", sagði Þorgerður innilega og stóð á fætur.

„Annað kvöld skulum við tala um brúðkaupið." Hún bauð góðar nætur og fór.

En Arnór gekk um gólf og hugsaði um það, hve mikið hann ætti að þakka Þorgerði ömmu sinni og hve sæla ellidaga hún skyldi eiga hjá þeim.

Ári síðar sat Þorgerður

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skúladóttir í sama stólnum út við gluggann, með tíu daga gamlan dreng í fanginu.

Það var sonur Arnórs og Svövu.

„Þú átt að ráða nafni hans, amma", sagði Arnór. Hann sat í legubekknum og hjelt um hendurnar konu sinnar. Hún var föl eftir sængurleguna og þó fallegri en nokkru sinni áður.

Þorgerður Skúladóttir þagði.

„Já, hvað á hann að heita", mælti Svava og brosti. Hún gat ekki haft augun af drengnum sínum.

„Arnór", sagði Þorgerður Skúladóttir lágt. „Það nafn má aldrei gleymast – með því kom sólskinið inn í ættina".

Og tár hennar hrundu yfir sveininn.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur